



**Afmæliskveðja
frá
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessyni**

Á 90 ára afmæli Slysavarnafélags Íslands færi ég öllu starfsliði Slysavarnafélagsins Landsbjargar heillaóskir og þakkir fyrir farsæl störf í þágu lands og þjóðar.

Í áranna rás höfum við Íslendingar reitt okkur á fagmennsku og fórnfýsi þeirra sem unnið hafa að björgun og ýmissi aðstoð við fólk undir merkjum Slysavarnafélagsins og Landsbjargar. Einnig hafa erlendir sæfarendur og ferðamenn notið hins góða starfs íslensks björgunarsveitarfólks.

Ég met mikils þann heiður að vera verndari Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Enn meir met ég þó að vita af hinu þrautþjálfaða og kröftuga liði samtakanna sem er alltaf til taks ef í nauðir rekur. Í þessum hópi er fólgin sannkallaður þjóðarauður.

Guðni Th. Jóhannesson